



Greinargerð um rekstur gas-og jarðgerðarstöðvar SORPU - GAJA

Árið 2020

Október 2021

Í starfsleyfi SORPU bs fyrir gas- og jarðgerðarstöð SORPU á Álfsnesi (GAJA) frá 20. október 2020 eru gerðar kröfur um skil á fjölþættum skráningum vegna reksturs stöðvarinnar. Upplýsingunum skal skilað fyrir 1. maí ár hvert vegna starfsársins þar á undan.

Skráningarnar eru eftirfarandi skv. grein 4.1 í starfsleyfinu:

- Upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 3.2 og með hvaða hætti sé tryggt að úrgangurinn innihaldi ekki spilliefni.
- Magn og gerð efnis sem sent er til endurnýtingar eða förgunar skv. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- Úrgangur sem berst og er ekki tækur til vinnslu í stöðinni, þar með talið magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar, sbr. gr. 3.2.
- Ábendingar og kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar og viðbrögð við þeim.
- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði.
- Tæmingu olúgildru ásamt staðfestingu flutningsaðila eða móttökustöðvar.
- Þjálfun starfsfólks sbr. gr. 2.4.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- Niðurstöður mælinga skv. gr. 4.2.
- Uppfærslur á teikningum ef breytingar hafa orðið á mannvirkjum, t.d. lögnum.

Efnisyfirlit

| | | |
|-----|--|---|
| 2. | Upplýsingar um allan úrgang sem tekið var á móti..... | 3 |
| 3. | Úrgangur sem berst og er ekki tækur til vinnslu í stöðinni | 4 |
| 4. | Ábendingar og kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar og viðbrögð við þeim..... | 4 |
| 5. | Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði | 4 |
| 6. | Tæming olúgildru ásamt staðfestingu flutningsaðila eða móttökustöðvar. | 4 |
| 7. | Þjálfun starfsfólks sbr. gr. 2.4. | 4 |
| 8. | Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim..... | 4 |
| 9. | Niðurstöður mælinga skv. gr. 4.2 | 4 |
| 10. | Uppfærslur á teikningum ef breytingar hafa orðið á mannvirkjum, t.d. lögnum..... | 4 |

1. Upplýsingar um allan úrgang sem tekið var á móti

Tafla 1 sýnir móttöku og ráðstöfun úrgangs í GAJA árið 2020.

GAJA tók til starfa í ágúst 2020 og var fyrsti farmur mótttekinn í stöðinni 6. ágúst 2020, frá þeim tíma til ársloka var stöðin í uppkeyrslu. Það magn sem tekið var á móti og gasframleiðsla endurspeglar því á engan hátt afkastagetu stöðvarinnar.

Samkvæmt grein 3.2 í starfsleyfi ber rekstraraðila að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti. Spilliefnum sem kunna að berast rekstraraðila skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku við fyrsta tækifæri í samræmi við reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

SORPA bs. gerði eftirfarandi athugasendur við þetta ákvæði í minnisblaði dagsettu 27. ágúst 2020, eftir yfirlestur á drögum til umsagnar. „Vegna eðlis úrgangsins sem kemur frá forvinnslu í Móttöku- og flokkunarstöðinni í Gufunesi er þetta ógerlegt. GAJA verður því að treysta á flokkunarkerfi Móttöku- og flokkunarstöðvarinnar í þessu efni“ Eftirfarandi svar barst frá Umhverfisstofnun í tölvupósti þann 1. september 2020 „Hér er ekki verið að fara fram á að farið sé í gegnum allan úrgang sem berst að stöðinni heldur er hægt að tryggja þetta með því að gera kröfur á þá aðila sem flokka úrgang áður en hann berst í stöðina.“

Engin spilliefni greindust í þeim úrgangi sem barst í stöðina árið 2020.

Engin molta var komin í gegn um vinnsluferlið í árslok, því er engin molta skráð framleidd árið 2020. Þar sem engin molta var framleidd var engin moltusigtun í gangi og því var engu efni skilað til endurnýtingar eða förgunar árið 2020.

Alls var móttekin um 3.083.918 tonnum af úrgangi og stoðefnum þetta ár (sjá töflu 1.)

Tafla 1: Móttaka og ráðstöfun úrgangs í GAJU árið 2020

| Móttaka í GAJU - 2020 (kg) | |
|---|------------------|
| Forunninn lífræn heimilisúrgangur frá móttöku og flokkunarstöð í Gufunesi | 2.181.870 |
| Fljótandi lífrænn heimilisúrgangur frá rekstraraðilum | 27.040 |
| Stoðefni, kurlaðar trjágreinar | 875.000 |
| Samtals móttakið | 3.083.910 |
| Ráðstöfun í Álfsnesi - 2020 (kg) | |
| Gas- og jarðgerð | 3.056.870 |
| Gasgerð eingöngu | 27.040 |
| Samtals ráðstafað | 3.083.910 |
| Söfnun á metangasi - 2020 (Nm³) | |
| Lifgas frá GAJU [Nm ³] | 55.400 |
| Framleitt metan eldsneyti frá GAJU | 35.000 |

2. Úrgangur sem berst og er ekki tækur til vinnslu í stöðinni

Engin úrgangur, sem ekki var tækur til vinnslu í stöðinni barst til GAJU árið 2020.

3. Ábendingar og kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar og viðbrögð við þeim

Engar ábendingar né kvartanir bárust árið 2020.

4. Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði

Viðhaldi á öllum búnaði þ.m.t. mengunarvarnabúnaði er stjórnað í viðhaldsstjórnunarkerfi (*Fix*), reglubundnu og fyrirbyggjandi viðhaldi, sem og viðbrögðum við bilunum. Engar alvarlegar bilanir urðu á mengunarvarnabúnaði. Gagnagrunnur viðhaldsstjórnunarkerfisins sendir tilkynningar þegar kemur að reglubundnu viðhaldi, verkbeiðnir eru skráðar í kerfið og kvittað er fyrir að viðhaldi sé lokið.

5. Tæming olúgildru ásamt staðfestingu flutningsaðila eða móttökustöðvar.

Skynjari er á olúgildru sem gefur meldingu ef þarf að tæma hana, en ekki kom til þess á árinu 2020.

6. Þjálfun starfsfólks sbr. gr. 2.4.

Haldið er utan um þjálfun starfsfólks í gangagrunni launakerfis SORPU (*Kjarna*). Starfslýsingar (Hlutverkalýsingar) eru til fyrir öll störf í GAJU.

Allir starfsmenn sem áætlað var að störfuðu í GAJU, ásamt vélfræðingum fóru í starfsþjálfun í sambærilegri stöð AIKAN í Danmörku í febrúar og mars 2020. Þjálfun á allar vinnuvélar fór fram fyrri hluta árs 2020 og þjálfun er stöðugt í gangi.

7. Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim

Verklagsreglur og leiðbeiningar gæðastjórnunarkerfis SORPU bs. skilgreina viðbrögð við mengunaróhöppum. Eitt slíkt óhapp varð er leki kom að meltutanki 30. október 2020. Tilkynnt var formlega um óhappið og viðbrögð við því í tölvupósti til Umhverfisstofnunar 11. nóvember 2020

8. Niðurstöður mælinga skv. gr. 4.2


Mælingará loftmengun voru ekki hafnar á árinu 2020, enda stöðinn enn í uppkeyrslu og langt frá fullum afköstum. Snemma árs 2021 voru gerðar tilraunamælingar sem skiluðu ekki árangri. Unnið er að lausn á því máli.

Skv. gr.4.2 í starfsleyfi skal mæla hávaða innan lóðar og við lóðarmörk á átta ára fresti, fyrst fyrir árslok 2021. Hávaði var því ekki mældur árið 2020.

9. Uppfærslur á teikningum ef breytingar hafa orðið á mannvirkjum, t.d. lögnum

Engar breytingar voru gerðar á mannvirkjum árið 2020.

Álfsnesi 7. október 2021



Eiður Guðmundsson
-staðarstjóri-